

# Hjarta málfræðingsins

*Enn um kveðskap, hljóðkerfi og hefðarreglur*

## 1. Inngangur

Í doktorsritgerð minni ræddi ég (Haukur Þorgeirsson 2013) um tengslin milli kveðskapar og hljóðkerfis. Þar gagnrýndi ég nokkuð grein um íslenska stuðlasetningu eftir Höskuld Þráinsson (1981). Höskuldur hefur síðan ritað aðra grein um þetta efni (2014) og ver þar meðal annars þær skoðanir sem hann setti áður fram. Höskuldur hefur efasemdir um margt í mínum málflutningi og sérstaklega greinir okkur á um hefðarreglur í kveðskap og greiningarleiðir í hljóðkerfisfræði.

Hér er reynt að setja þessa umræðu í víðara samhengi og nokkrar nýjar athuganir settar fram. Fyrst er hér rætt örlítið almennt um baklægar gerðir eins og þær eru gjarnan kynntar til sögunnar í kennslubókum. Síðan er rætt um baklægar gerðir færeyskra sérhljóða og kannað hvers konar hljóðkerfisleg greining henti til að útskýra færeyskt rím. Loks er hér rætt um íslenskan kveðskap, fyrst um stuðlasetningu með *hj* og *hv* og loks um rím áherslulausra sérhljóða. Til samanburðar er lítið á rím í enskum kveðskap.

Ég færi að því rök að þau fyrirbæri sem um ræðir sé eðlilegast að skýra annars vegar með hljóðfræðilegum yfirborðsgerðum og hins vegar með hefðarreglum sem stuðst geta við stafsetningu.

## 2. Baklægar gerðir

Í inngangsrítum um hljóðkerfisfræði er vinsælt að kynna fyrir nemendum dæmi um víxl milli raddaðra og óraddaðra lokhljóða. Í mörgum tungumálum er gerður greinarmunur á rödduðum og órödduðum lokhljóðum á milli sérhljóða en ekki í bakstöðu. Gjarnan er það þá svo að rödduð og órödduð hljóð skiptast á í beygingarmynstri tiltekinna orða. Víxl af þessu tagi henta vel til að kynna hugmyndina um baklægar gerðir og það er til dæmis gert í bókinni *Introducing Phonology* eftir David Odden (2013). Fjórði kafli hjá Odden er um baklægar gerðir og þar notar hann dæmi úr

rússnesku til að sýna hvað um er að ræða. Ég leyfi mér að vísa hér í (1) í hluta úr hans dæmasafni og held hans umritun úr kyrillísku lettri. Í vinstri dálkinum eru rússnesk nafnorð í nefnifalli eintölu og í hægri dálkinum eru þau í eignarfalli eintölu (Odden 2013:80–81).

(1)	nf.	ef.	
	a. vrak	vraga	‘óvinur’
	b. urok	uroka	‘lexía’
	c. prut	pruda	‘tjörn’
	d. soldat	soldata	‘hermaður’
	e. grip	griba	‘sveppur’
	f. trup	trupa	‘lík’

Hér er greinilegt að orðin *urok*, *soldat* og *trup* hafa órödduð lokhljóð bæði í nefnifalli og eignarfalli en orðin *vrak*, *prut* og *grip* hafa órödduð lokhljóð í nefnifalli en rödduð lokhljóð í eignarfalli. Ein leið til að gera grein fyrir þessu — og sú sem Odden mælir með — er að gera ráð fyrir að orð af fyrri gerðinni hafi rödduð lokhljóð í baklægri gerð. Síðan virkar hljóðkerfisleg regla sem afraddar rödduð lokhljóð í bakstöðu. Við getum sett þetta upp eins og gert er í (2). Til að leiða út yfirborðsgerð nefnifallsins hefjum við leikinn með rótina að viðbættu viðskeytinu. Hér vill svo til að viðskeytið er tóma morfemið, táknað  $\emptyset$ .

(2)	<b>Baklæg gerð, nf.</b>	<b>Afröddunarregla</b>	<b>Yfirborðsgerð</b>
	a. $\text{vrag} + \emptyset = \text{vrag}$	$g > k$	vrag
	b. $\text{prud} + \emptyset = \text{prud}$	$d > t$	prut
	c. $\text{grib} + \emptyset = \text{grib}$	$b > p$	grip

Þetta er óneitanlega snotur framsetning og sýnir ágætlega hvernig generatíf hljóðkerfisfræði virkar í sinni einföldustu mynd. Með þessu fæst sú niðurstaða að ein og sama baklæga rótin sé í *vrak* og *vraga* og það er líka markmiðið með greiningunni. John McCarthy (2007:99–100) orðar kjarna málsins á þennan hátt:

At generative phonology’s underlying level, every morpheme has a unique representation, except for suppletion.

Þetta er sú hugmynd um baklægar gerðir sem lögð er til grundvallar í þessari grein. Hún felur í sér að baklæga gerðin hefur allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leiða út sérhverja yfirborðsgerð — nema í þeim tilfellum þar sem fullkomin óregla er á ferð (til dæmis *góður* — *betri*).

Nú er rétt að spyrja hvers eðlis baklægu gerðirnar séu. Hér eru að minnsta kosti tveir möguleikar. Í fyrra lagi gætum við litið svo á að þær séu hreint fræðilegt fyrirbæri — eins og hugtök sem eru notuð í kennslufræðilegum eða flokkunarfræðilegum tilgangi. Sem dæmi um slík hugtök í málfræði mætti nefna flokkun beygingardæma nafnorða í „sterka beygingu“ og „veika beygingu“. Þetta eru hugtök sem geta til dæmis verið til þæginda við kennslu eða við samanburð á tungumálum í sögulegu ljósi og geta verið ágæt sem slík.

Í seinna lagi gætum við talið að baklægu gerðirnar séu sálfræðilega raunverulegar — að þær sé á einhvern hátt að finna í hugskoti sérhvers málhafa og séu hluti af málkunnáttu hans. Dæmi um önnur málfræðihugtök sem við gætum eignað þvílíka eiginleika eru „nafnorð“ eða „þolfall“. Ómenntaður málhafi þekkir ef til vill ekki þessi hugtök en ef hann getur talað málið rétt má rökstyðja að þessar eigindir séu með einhverjum hætti til í huga hans. Hins vegar virðist varla nein ástæða til að gera ráð fyrir að flokkun beygingardæma í sterka og veika beygingu sé nauðsynlegur hluti af málkunnáttunni.

Nú kann að vera að til séu málfræðingar sem kæra sig kollótta um hvort baklægar gerðir samsvari sálfræðilegum raunveruleika eða ekki. En fyrir mörgum er það meginhlutverk málfræðinnar að lýsa málkunnáttunni og þá verður þetta lykilatriði. Í bók eftir Martin Krämer sem nefnist einmitt *Underlying Representations* er að finna þessa kláusu (Krämer 2012:2):

While abstract phonemic representations were a mere theoretical construct in structuralist phonology, underlying representations received a more challenging status in generative phonology and even more so in psycholinguistic research. The criterion of psychological reality was imposed on the postulation/deduction of underlying representations such that present-day phonological research is trying to pin-point how the signifying part of atomic linguistic units is stored in the human mind.

Ef kenningin á að ná máli er þá rétt að skilja hana þannig að baklægu gerðirnar hér að ofan fyrirfinnst á einhvern hátt í huga rússneskumælandi manna. Baklægu gerðirnar *vrag*, *prud* og *grib* eru þá raunverulega til í huganum. Höskuldur Þráinsson leggur áherslu á mikilvægi þess að málfræðingar fáist við málkunnáttuna (sjá til dæmis Höskuld Þráinsson 2008, 2013) og í samræmi við það lýsir hann hugsuninni um baklægar gerðir á svipaðan hátt og hér er gert. Hann tekur dæmi um íslensku orðmyndirnar *gulur* [kr:lyr] og *gult* [kv:lt] og bendir á að þær séu tengdar á reglubundinn hátt. Hann segir: „börn þurfa ekki að læra nema eina mynd af stofni

lýsingaarorðsins *gulur*“ (Höskuldur Þráinsson 2011:87). Þessi eina mynd er baklæga gerðin #gul-#.

### 3. Rím færeyskra sérhljóða

Í grein sinni nefnir Höskuldur (2014:107) að Færeyingar hafi tínt niður hefðbundinni stuðlasetningu og því sé ekki hægt að nota hana til rannsóknna, sem okkur hefði annars þótt fróðlegt. En Færeyingar hafa ágæt tók á endarími og er vel þess virði að kanna hvernig þeir fara með það. Hér fjalla ég um sérhljóð í rími.

Færeyska sérhljóðakerfið er nokkuð snúið fyrirbæri og ágætur prófsteinn á mismunandi greiningarleiðir í hljóðkerfisfræði, eins og Magnús Snædal (1986) hefur rakið. Hér er ekki meiningin að lýsa sérhljóðakerfinu á ítarlegan hátt heldur aðeins að taka afmarkaðan hluta þess sem prófdæmi um hljóðkerfi og kveðskap.

Í færeysku skiptast stutt og löng sérhljóð á í einstökum beygingardæmum. Dreifingarreglan er með svipuðum hætti og í íslensku en sá er munur á að ekki er einkvæmt samband milli stutta kerfisins og þess langa. Sum stutt sérhljóð skiptast nefnilega á í beygingu við tvö löng sérhljóð. Hér læt ég duga að ræða sex löng sérhljóð og þrjú stutt. Dæmin í (3) eru úr stærri töflu hjá Kristjáni Árnasyni (2011:68) og miðast nokkurn veginn við Þórshafnarframburð. Hér sjáum við tvær beygingarmyndir sex orða. Í vinstri dálkinum koma fyrir löng sérhljóð en í þeim hægri eru stutt.

(3)	Langt	Stutt	
a.	[hø:vʊɪ]	[hœkt]	‘hár, hátt’
b.	[tʰʊ:mʊɪ]	[tʰœmt]	‘tómur, tómt’
c.	[fɪe:kʊɪ]	[fɪekt]	‘frekur, frekt’
d.	[tei:jʊɪ]	[tɛʰt:]	‘dauður, dautt’
e.	[vʊa:tʊɪ]	[vʊʰt:]	‘votur, vott’
f.	[tʰo:la]	[tʰʊltɪ]	‘pola, þoldi’

Þetta eru reglubundin víxl svo að sérhvert morfem verður að hafa eina baklæga gerð. Sérhljóðin í vinstri dálkinum hljóta þá að eiga sér sömu baklægu mynd og sérhljóðin í hægri dálkinum. Þetta er í góðu samræmi við málsöguna enda eru stuttu og löngu hljóðin afkomendur sömu hljóða. Loks er þetta í samræmi við hina opinberu færeysku stafsetningu enda eru [fɪe:kʊɪ] „frekur“ og [fɪekt] „frekt“ rituð með sama sérhljóðatákni; sömuleiðis [tei:jʊɪ] „deyður“ og [tɛʰt:] „deytt“ og þannig áfram. Í (4) sést hvernig hljóðin sem um ræðir eru meðhöndluð í stafsetningu.

(4)	Langt	Stutt	Stafsetning
a.	ø:	œ	„ø“
b.	ou:	œ	„ó“
c.	e:	ε	„é“
d.	ei:	ε	„ey“
e.	oa:	o	„á“
f.	o:	o	„o“

Eins og stafsetningin hljótum við að gera ráð fyrir sex sérhljóðum í baklægri gerð. Síðan þarf viðeigandi reglur til að leiða út yfirborðsgerðirnar, þ.e.a.s. löngu sérhljóðin sex og stuttu sérhljóðin þrjú. Ég læt hér liggja milli hluta hvaða hljóðkerfislegu þætti baklægu gerðirnar ættu að hafa eða hvaða reglur séu eðlilegastar til að leiða út yfirborðsgerðirnar — möguleikarnir í þeim efnum eru þrýðilega reifaðir hjá Magnúsi Snædal (1986). Hér dugar mér það atriði að baklægu gerðir sérhljóðanna eru í samræmi við stafsetninguna — aðgreindar einingar í baklægri gerð eru jafnmörg og stafsetningartáknin.

Nú höfum við þá niðurstöðu að í baklægri gerð er sama rótarsérhljóð í orðunum sem rituð eru „høgur“ og „høgt“ en annað sérhljóð í „tómur“ og „tómt“. Jafnframt er þá *ekki* sama sérhljóð í „høgt“ og „tómt“. Ef við skoðum hins vegar yfirborðsgerðirnar er ekki sama sérhljóð í „høgur“ og „høgt“ og ekki sama sérhljóð í „tómur“ og „tómt“. Hins vegar *er* sama sérhljóð í „høgt“ og „tómt“.

Ef baklægu gerðirnar eru sálfræðilega raunverulegar vildum við gjarnan geta sýnt fram á að þær hafi áhrif á einhverja hegðun málfafans. Eitt fyrirbæri þar sem menn hafa látið sér detta í hug að baklægar gerðir komi við sögu er kveðskapur. Nú er því spurt: Leika baklægar gerðir sérhljóðanna eitthvert hlutverk í færeysku rími? Og eftir því sem ég kemst næst er svarið einfalt: Nei, baklægu gerðirnar skipta ekki máli. Rímið fer algjörlega eftir yfirborðsgerðunum. Lítum á dæmi (öll fengin af sangtekstir. com):

- (5) Tá teski eg: „Mamma, hoyr svara mær skjótt,  
sig, hví er bara tað ljóta so søtt.“ (Gunnar Hoydal)

Orðmyndirnar *skjótt* og *søtt* hafa báðar sérhljóðið [œ] í framburði en sá er munur á að aðrar beygingarmyndir þessara orða hafa löng sérhljóð og það er ýmist [ou:] (*skjótur*) eða [ø:] (*søtur*). Orðmyndirnar ættu því ekki allar að hafa sama sérhljóð í baklægri gerð, en samt ríma þær vandræðalaust saman. Við getum einnig litið á sérhljóðin sem rituð eru með „á“ og „o“:

- (6) Teir edilingar av Noregi troddu,  
tá ið Haraldur ráddi (Jóannes Patursson)

Hér rímar [ɔ] við [ɔ] en aðrar beygingarmyndir orðanna (til dæmis *ráði*, *troði*) hafa mismunandi sérhljóð og baklæga gerðin ætti að vera önnur. Sömu sögu má segja um „e“ og „ey“:

- (7) Hátt tykkar verk er mett.  
Nú flagg í topp, hvítt, blátt og reytt (Hans Andrias Djurhuus)

Hér rímar [ɛ] við [ɛ] en aðrar beygingarmyndir (*meta*, *reyður*) hafa mismunandi löng sérhljóð og því ættu sérhljóðin í *mett* og *reytt* ekki að vera eins í baklægri gerð.

Niðurstaðan hér er þá að rím sérhljóða í færeysku fari eftir framburði (yfirborðsgerðum) en ekki eftir baklægum gerðum. Gátum við séð þessa niðurstöðu fyrir? Já, ef til vill. Málfræðingurinn Alexis Manaster-Ramer (1994, 1981) hefur sett fram þá kenningu að kveðskapur geti aldrei tekið tillit til baklægra gerða, eða eins og hann orðaði það (Manaster-Ramer 1994:318):

Rules of versification may not be sensitive to representations deeper than phonemic.

Hér er átt við fónemíska greiningu í klassískum skilningi á sömu nótum og Pétursborgarskólinn og frumherjar formgerðarstefnunnar unnu með. Tiltekið hljóð getur í þeim skilningi aldrei verið fulltrúi nema eins fónems. Þar sem Manaster-Ramer talar um *dýpri* greiningar á hann við greiningar sem byggjast á morfófónemískum venslum þar sem mismunandi beygingarmyndir sama orðs eru taldar hafa sömu baklægu gerð, eins og í rússnesku og færeysku dæmunum hér á undan.

Kenning Manaster-Ramers spáir rétt fyrir um færeyska rímið og einnig um allan annan kveðskap sem ég þekki. Til dæmis er greinilegt í íslensku að orðin ríma saman eftir hljóðfræðilegum gerðum en ekki baklægum gerðum. Orðmyndirnar *djúpt* og *ljúft* ættu að hafa mismunandi baklægar gerðir eins og aðrar beygingarmyndir orðanna sýna, til dæmis *djúpur* og *ljúfur*. Samt rímar *djúpt* – *ljúft* vandræðalaust saman og sama má segja um *bleikt* – *seigt* eða *vegi* – *deyi* og þannig mætti lengi telja. Sú regla er almenn og greinileg að kveðskapur er óháður baklægum gerðum og þetta má staðfesta með fjölda dæma í íslensku og í öðrum málum. Það er í því samhengi sem rétt er að líta á kenningar um annað. Dæmi sem

haldið er fram að gangi gegn því sem er greinilega meginregla þarf að skoða gagnrýnum augum.

Það er oft talið hlutverk vísindanna að setja fram kenningar sem geta spáð fyrir um það sem gerist og það sem gerist ekki. Í því samhengi er algildiskenning Manaster-Ramers nokkurs virði. Í doktorsritgerð minni varði ég talsverðu rými í þessa kenningu, sér í lagi í samhengi við íslenskan kveðskap. Þar kemur til ágreiningurinn við Höskuld um *h*-stuðlun eins og rakið er í næsta kafla.

#### 4. Stuðlun með *h*

Sá skilningur sem ég lagði í orðasambandið „baklæg gerð“ í ritgerð minni er sá sami og hér er lagt upp með — það er að segja fyrirbæri sem eru sett fram til að skýra mismunandi yfirborðsgerðir sama morfems. Þar sem ég ræddi um stuðlun þeirra hljóða sem rituð eru með upphafs-„h“ tók ég enda til að finna orðmyndir eins og *hjörtur* – *hirti* og *hverfa* – *hurfu* þar sem [ç] og [x<sup>w</sup>] skiptast á við [h] í beygingarmyndum einstakra orða. Það sem vakti fyrir mér er að *ef* [ç] væri túlkað sem #hj#<sup>1</sup> á grundvelli víxla eins og *hjörtur* – *hirti* og *ef* þær baklægu gerðir hefðu þau áhrif að orð af þessu tagi stuðluðu saman við orð með upphafs-[h] þá væri komið mót-dæmi við algildi Manaster-Ramers. Ég tók mér fyrir hendur að hrekja þessa hugmynd og taldi mig eiga í rökræðum við Höskuld Þráinsson enda gerði ég grein Höskulds frá 1981 að útgangspunkti. En Höskuldur heldur því raunar hvergi fram sem ég reyndi að hrekja og skiljanlegt að honum þyki gagnrýnin missa marks.

Í grein sinni 1981 ræðir Höskuldur ekkert um beygingarvíxl eins og *hjörtur* – *hirti* og segir ekki að málnotendur geri sér baklægt #hj# á grundvelli þeirra. Raunar segir Höskuldur ekkert um það í þeirri grein á hvaða forsendu málnotendur geti greint [ç] sem #hj#. Í grein sinni 2014 fjallar Höskuldur aftur ekkert um þessi beygingarvíxl og byggir málflutning sinn ekki á þeim. En þar setur hann hins vegar fram kenningu um það hvernig málfarar túlki [ç] sem samsett hljóð.

Höskuldur telur að málnotendur hafi ákveðnar „hugmyndir“ (hann notar sjálfur gæsalappir) um eðli mannlegs máls við upphaf máltöku og að ein þessara „hugmynda“ sé að hljófendum sé ekki eðlilegt að vera raddaðir (Höskuldur Þráinsson 2014:113). Hér er sem sagt sú kenning uppi að

<sup>1</sup> Með #-táknunum á ég við baklægar gerðir.

börn fæðist með einhverjar upplýsingar um mannlegt mál og að við getum áttað okkur á hverjar þær séu með því til dæmis að skoða hvað sé algengt og hvað sjaldgæft í málum heimsins. Um [ç] segir Höskuldur (2014:114) eftirfarandi:

Og ef /j/ er hálfserhljóð í íslensku, eins og ýmsir hafa talið ... gildir sama um það og /l, m, n, r/ að þessu leyti: Það er hljómandi ... og þess vegna er eðlilegt að málnotandinn leiti líka hljóðkerfislegra skýringa á því, ef svo má segja, ef orð virðist byrja á óródduðu /j/ og þá er greiningin /hj/ það sem helst kemur til greina.

Hér hefði verið vel þegið að fá útskýringu á því hvers vegna þessi greining kemur helst til greina. Hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt til að málfarar túlki hljóðið [ç] sem /hj/? Gerir fólk það alls staðar þar sem þetta hljóð kemur fyrir? Túlka þeir sem tala (tiltekin afbrigði af) þýsku upphafshljóðið í *Chemie* [çe'mi] 'efnafræði' sem /hj/? Eða túlka þeir sem tala (tiltekin afbrigði af) norsku upphafshljóðið í *kyr* [çy:r] 'kúr (ft.)' sem /hj/? Ef hér á að vera kenning sem að gagni kemur þarf að útskýra hvaða forsendur þurfi að vera fyrir hendi til að hljóð af þessu tagi séu túlkuð sem /hj/. Ef til vill þykir þetta ósanngjörn krafa en ég ætlast ekki til þess að þeir sem aðhyllast sömu skoðun og Höskuldur viti þessa hluti fyrir víst — aðeins að þeir setji fram einhvers konar kenningu sem hægt væri að leitast við að sannprófa.

En setjum sem svo að þetta gangi upp og [ç] sé túlkað sem /hj/ vegna einhvers konar meðfæddra „hugmynda“. Það er þá rétt að halda því til haga að það myndi ekki brjóta gegn algildi Manaster-Ramers sem tekur til baklægra gerða sem gerðar eru á grundvelli stofnbrigða.

Höskuldur telur að stuðlun *hv* við *h* verði ekki skýrð með kenningunni um meðfædda andúð á óródduðum hljóðendum. Hann leitar því annarra skýringarleiða og segir að hljóðin [x] og [h] séu „auðvitað býsna lík og ekki aðgreind í öllum málum“ (2014:114). Það er töluvert til í því en á það ber að líta að þessi hljóð eru einmitt skýrt aðgreind í íslensku og greinilega ekki afbrigði sama fónems. Orðmyndirnar *rakt*, *skakkt* og *sagt* ríma ekki við *bratt*, *flatt* og *satt*. Ef hljóðin [x] og [h] ríma ekki saman, hvers vegna ættu þau þá að stuðla saman? Hér vantar einhverja frekari forsendu ef skýringin á að ganga upp.

Höskuldur (2014:114) segir enn fremur:

Helst virðist koma til greina að segja sem svo að fónemið /h/ hafi afbrigðið [x] á undan /v/ í máli þeirra sem hafa *hv*-framburð, en síðan er það mismunandi eftir einstaklingum hvernig þetta /v/ kemur fram í framburði, þ.e.



hvort við fáum [xv], [x<sup>w</sup>] eða hvort /v/ hverfur alveg og eftir verður bara [x] eins og tíðkast í svokölluðum ókringdum *hv*-framburði.

Ef við skoðum nú ókringdan *hv*-framburð sérstaklega er erfitt að sjá hvernig þetta gæti gengið upp. Sá sem segir [xerva] fyrir *hverfa* getur ómögulega litið á [x] og [h] sem afbrigði sama hljóðans enda eru þá *hverfa* [xerva] og *herfa* [herva] lágmarkspar. Og hvaða forsendur gæti sá sem elst upp við ókringdan *hv*-framburð mögulega haft til að álykta um að [x] hafi /v/ í baklægri gerð?

En snúum okkur þá að *kv*-framburði. Höskuldur vísar í því samhengi í vísuhelming eftir Sigurð Breiðfjörð:

- (8) Sunna háa höfin á  
hvítum stráir dreglum

Höskuldur segir að sér þyki þetta vísuþrot „rangstuðlað“ og engu skárri en ef annað vísuorð hæfist á orðinu *kátum* frekar en *hvítum*. Ég hef alist upp við *kv*-framburð á íslensku, rétt eins og Höskuldur, en hef þó svolítið aðra tilfinningu fyrir þessu. Ef orðið *hvítum* er borið fram [k<sup>h</sup>vi:ty̆m] verður vísuhelmingurinn vissulega rangstuðlaður svo að sker í eyru. En það er alls ekki þannig sem ég mundi lesa vísuna, heldur með framburðinum [x<sup>w</sup>i:ty̆m] og þá fellur allt í ljúfa löð.

Nú er [x<sup>w</sup>] vissulega ekki annað en tillærður lestrarframburður í mínu máli — og samsvarar væntanlega ekki neinum baklægum hljóðkerfishugmyndum í heilabúinu á mér. Hvers vegna þykir mér þá hljóma rétt að stuðla [x<sup>w</sup>] (eða [x] eða [xv]) við [h]? Ég held það sé fyrst og fremst vegna þess að þannig er hefðin og þannig lærði ég hana einhvern tíma á unglingsárum.

Loks er hér ein spurning í viðbót: Hvers vegna stuðlar *hvítur* ekki við *gulur*? Spurningin kann að virðast út í hött en stundum ber það við að orð eins og *hvítur* eru hljóðrituð [kfi:ty̆r] fremur en [k<sup>h</sup>vi:ty̆r] (sjá til dæmis Kristján Árnason 2013:6, 231) og virðist þá upphafshljóðið vera [k] fremur en [k<sup>h</sup>]. Mætti þá ef til vill búast við að þessi orð stuðluðu við önnur orð sem hefjast á [k]. Þegar ég skoða upptökur af eigin framburði virðist mér þó að [k<sup>h</sup>vi:ty̆r] sé meira lýsandi hljóðritun — á undan sérhljóðinu má greina stutt raddað [v]. En þetta er til marks um það að það er ekki endilega auðvelt að ákvarða hvers konar hljóðritun sé réttust og á það við um fleira í þessari umræðu. Ég treysti mér til dæmis ekki til að útiloka að réttast kynni að vera að hljóðrita orð eins og *hlunkur* með [hl] (eða [ll]). Jafnvel þótt baklægur gerðir byggðar á myndbrigðum morfema séu láttnar liggja á milli hluta getur því nóg verið eftir til að deila um.

## 5. Tvenns konar hefðarreglur

Hér hef ég látið í ljósi efasemdir um að það sé hljóðkerfislega eðlilegt að stuðla *hv* við *h* enda þykir mér líklegra að hér sé um hefðarreglu að ræða. En hvað á ég við með því og getur verið að það sé svolítið „auðveld“ skýring? Er kannski hægt að skýra hvað sem er með tilvísun til hefðar? Er bragkerfið þá ótengt máltilfinningunni? Getur þá nokkuð verið að marka kveðskap sem heimild um málsögu eða aðra hluti?

Í doktorsritgerð minni gerði ég greinarmun á tvenns konar hefðum — *samfellandi* og *sundurgreinandi* hefðum. Samfellandi hefðir fela í sér að við leggjum eitthvað að jöfnu í kveðskapnum sem við gerum greinarmun á í málinu sjálfu. Að setja [h] og [x] í einn jafngildisflokk í stuðlun er að líkindum dæmi um samfellandi hefð. Einhvern tíma í fyrndinni hófust orð eins og *hverfa* og *horn* á sama hljóði, sem hefur verið í líkingu við [x]. Þegar til skjalanna kom aðgreining milli [h] og [x] var auðvelt að læra það af þeim kveðskap sem fyrir var að þessi hljóð stuðli eigi að síður saman. Sá sem lærir kveðskap heyrir þá fjöldann allan af vísuorðum eins og *hverf er haustgríma* og dregur af þeim reglu sem er mjög auðlærð og einföld og hægt að tjá í einni setningu: Hljóðin [h] og [x] stuðla saman.<sup>2</sup>

Sundurgreinandi hefðir fela hins vegar í sér að gera einhvern greinarmun í kveðskapnum sem við gerum ekki í málinu sjálfu. Þetta er miklu snúnara mál og hefðir af þessu tagi þurfa að styðjast við mikinn lærdóm, til dæmis í stafsetningu. Maður sem stuðlar saman orð sem rituð eru með *h* og *hv* — þrátt fyrir að hafa sjálfur *kv*-framburð — hefur á valdi sínu sundurgreinandi hefð. Honum dugar ekki að læra eina reglu, eins og þeim sem lærir samfellandi hefð. Í staðinn þarf hann að hafa á valdi sínu verulegan fjölda af reglum; við gætum byrjað að romsa þeim upp eins og gert er í (9).

- (9)a. Orðið [k<sup>h</sup>vi:tyɾ] stuðlar við [h].  
 b. Orðið [k<sup>h</sup>vai:ði] stuðlar við [k<sup>h</sup>].  
 c. Hvorugkynsorðið [k<sup>h</sup>ve:ɾ] stuðlar við [k<sup>h</sup>].  
 d. Karlkynsorðið [k<sup>h</sup>ve:ɾ] stuðlar við [h].  
 o.s.frv.

<sup>2</sup> Ritryrnir bendir réttilega á að nútímamaður geti heyrt mörg dæmi um að [h] og [k<sup>h</sup>v] stuðli saman án þess að gera það að virkri reglu í sinni bragtilfinningu. Um tilfelli af þessu tagi hef ég áður fjallað (Haukur Þorgeirsson 2013:238–242); sjá einkum tilfellið um brottvarf *w* í orðum eins og *\*wulfaz* — það skapaði ekki almenna reglu um að *w* stuðlaði við sérhljóð.

Nú er auðvitað alveg gerlegt að læra allan þennan greinarmun — það gera allir sem ná góðu valdi á íslenskri nútímastafsetningu. En þetta er miklum mun snúnara mál en að læra eina reglu eins og samfellandi hefðin gerir kröfu um. Íhaldssöm stafsetning getur hjálpað til en hún er sjaldnast á allra færi og fyrr á öldum var hún ekki jafnsamræmd og nú er. Þegar tiltekinn greinarmunur hvarf úr málinu á fyrri tíð gerum við ráð fyrir því að þess taki fljótt að gæta bæði í stafsetningu og kveðskap. Þannig helst það í hendur á 15. og 16. öld að afkringing *y*-hljóðanna kemur fram bæði í rími og rituðu máli. Ein heimild bendir til að íhaldsmenn á 13. öld hafi amast við samruna /æ/ og /œ/ — en ekki hefur sú mótspyrna áorkað miklu (Jón Helgason 1970a). Vissulega má þó vera að varðveittar heimildir segi oft meira um mál menntamanna og fólks í efri lögum þjóðfélagsins en um mál alþýðunnar (sbr. Harald Bernharðsson 2002). Þetta á við um kveðskap eins og um aðrar heimildir.

Ef greinarmunurinn á samfellandi og sundurgreinandi hefðum er hafður í huga hygg ég að það sé ekki svo vandasamt að nota kveðskap sem heimild í málsögu. Við ættum ekki að gera ráð fyrir sundurgreinandi hefðum án skýrra heimilda sem styðja þær. Venjuleg skáld eru ekki sérfræðingar í hljóðsögu og eiga bággt með að læra óteljandi reglur sem eiga sér enga stoð í máli eða stafsetningu þeirra sjálfra. En samfellandi reglur eru auðlærðar á samtímalegum grunni og geta verið vænlegur skýringarkostur.

Snúum okkur nú aftur að stuðlun [h] og [x] eða [h] og [ç]. Hér hefur þeirri skýringu verið haldið á lofti að þessi stuðlun byggist á samfellandi hefðarreglum sem fá stuðning af stafsetningu. En er hægt að sýna beinlínis fram á að svo sé? Ég bý víst ekki svo vel að hafa óyggjandi sannanir fyrir þessu. Það er auðveldast að greina hefðarreglur þegar þær hafa lagst af — þá er hægt að halda því fram að hin náttúrulega tilfinning hafi smám saman orðið hefðinni yfirsterkari. En hér er því ekki til að dreifa því að þessi stuðlun lifir góðu lífi (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010). Ýmsar samfellandi hefðarreglur hafa fjarad út, til dæmis rím *a* við *ø* í aðalhendingum eða stuðlun *j* við sérhljóða. Hvers vegna lifir sumt en annað fjarar út? Ég hef sem stendur ekkert heilsteyppt svar við því. Það er efni í framhaldsrannsókn að setja upp einhvers konar líkan um þetta.

Eitt get ég þó lagt til málanna hér og það er að mæla gegn þeirri almennu vantrú á hefðir og stafsetningu sem ríkir í málflutningi Höskulds. Honum þykir það greinilega óyndisúrræði að skýra nokkurt fyrirbæri með þeim hætti. En þess eru þó ýmis dæmi að engin önnur skýring kemur einu sinni til greina. Í næsta kafla rek ég slík dæmi.

## 6. Rím og stafsetning

Í kveðskap á enskri tungu er það vel þekkt að hefð og stafsetning hefur áhrif á rím skáldanna. Greinargóða lýsingu á þessu má lesa hjá C.L. Wrenn (1943) og skiptir hann slíku rími í nokkra flokka. Einn flokkurinn er rím sem einhvern tíma var hljóðrétt og styðst síðan við hefð og stafsetningu. Til dæmis nefnir hann rímið *hand – wand* hjá John Milton á 17. öld. Þá var sú hljóðbreyting um garð gengin sem gerði sérhljóðin í þessum orðum ólík en þó lét höfuðskáldið sér líka að ríma orðin saman í krafti hefðar og stafsetningar (Wrenn 1943:34–35). Um rím af þessu tagi eru mýmörg dæmi í ensku. Helge Kökeritz (1966:31) segir:

[A]lready in the 16th century, and probably earlier, there had apparently developed a rhyming tradition that was to some extent independent of the contemporary pronunciation. Each new generation of poets preferred to use more or less the same rhymes as the preceding one and continued to do so long after some of the syllables they coupled in rhyme had ceased to be pronounced alike; in such cases the conventional spelling preserved an illusory, purely graphic or visual identity which had no counterpart in the pronunciation of the rhyming syllables. This is the genesis of the eye rhyme, e.g., *love : prove, good : blood*, still a characteristic of English prosody.<sup>3</sup>

En snúum okkur þá aftur til Íslands.

Í íslenskum kveðskap síðari alda kemur það víða fyrir að einkvæð orð ríma við síðasta atkvæði fjölkvæðra orða á þann hátt að atkvæði sem venjulega eru áherslalaus ríma við hefðbundin áhersluatkvæði. Kristján Árnason (2013:197–198; 2011:271–272; 1987:45–46; 1983:57–58) er vanur að taka dæmin í (10).

- (10)a. Þessa hátíð gefur okkur **guð**;  
           guð, hann þekkir allan lífsfögnuð  
 b. Ætlar nú þetta auma **par**  
           upp í ból til Framsóknar?

Rím af þessu tagi kemur til skjalanna í rímnakveðskap á 16. öld. Á 17. öld verður það almennt og hefur haldist fram á þennan dag – þótt það þyki

<sup>3</sup> Kristin Hanson (2002) túlkar sumt öðruvísi en Kökeritz og leggur meira upp úr því að tiltekin sérhljóð rími saman á hátt sem er að einhverju leyti kerfisbundinn. Hún afneitar þó ekki krafti hefðarinnar og segir til dæmis „*love* and *prove* will always rhyme after Shakespeare’s *Sonnets*“ (Hanson 2002:220).

nú ekki til þrýði í alvarlegum kveðskap (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2013: 56; Sveinbjörn Beinteinsson 1985:xxvi–xxvii).

Lítum nú nánar á rímið *par* – *Framsóknar*. Fyrra orðið hljóðritum við [p<sup>h</sup>a:r] – sérhljóðið er langt og samhljóðið er stutt. Síðasti hlutinn af orðinu *Framsóknar* yrði venjulega hljóðritaður [ar]. Í eðlilegum framburði er sérhljóðið stutt og samhljóðið líka stutt. En þegar þetta atkvæði er hækkað í tign í kveðskapnum og kveðið að því til ríms verður það að falla undir þá íslensku hljóðskipunarreglu að hafa annaðhvort langt sérhljóð eða langt samhljóð. Í vísuþáttinum hér að ofan verður framburðurinn [a:r] – sérhljóðið er lengt miðað við eðlilegan framburð.

Nú getum við spurt: Er það augljóst að í tilfellum sem þessum hljóti sérhljóðið að lengjast? Ég hygg að svo sé ekki. Snemma á barnaskólaárum mínum tók ég einhvers konar próf í stafsetningu og þurfti þar að stafsetja orð sem mig minnir að hafi verið *Ingólfur*. Ég hljóðaði mig í gegnum orðið, lið fyrir lið, og var í vafa um síðasta hlutann. Endar orðið á *ur* eða *urr*? Á endanum þótti mér seinni möguleikinn hljóma réttar og ritaði orðið með endingunni „urr“. Ég fékk villu fyrir þá úrlausn og heima fyrir þótti þessi villa sérstaklega spaugileg. Gamanið sem hent var að þessu er væntanlega ástæða þess að þetta situr mér í minni. En ég held enn að ég hafi í einhverjum skilningi haft rétt fyrir mér. Ég held það sé ekkert í málinu sjálfu sem gerir stafsetninguna „Ingólfur“ rökréttari en „Ingólfurr“. Að sama skapi held ég að það sé hefð sem grundvallast á stafsetningu að ríma orðið *Framsóknar* við *par* frekar en við *barr*.

Þessi saga af þvermóðskufullum nemanda telst ef til vill ekki sterkt sönnunargagn. En sem betur fer eru fleiri heimildir til í málinu. Lærdómsríkt er að skoða tilfelli þar sem rímatkvæðið endar á [n]. Í (11) er eitt dæmi frá 17. öld, dæmið í (12) er frá 18. öld og í (13) er dæmi frá 19. öld.

- (11) „Hvað er að um hestinn **minn**,  
hingað slyngur kemur ei **inn**?“  
Glósum ljósum gegndi **hinn**  
og greitt fram reytti **málsrökin**.

(*Olgeirs rímur danska* XLIII.59; Björn K. Þórólfsson og Finnur Sigmundsson 1947:509)

- (12) Formálann so fella **kann**,  
fögur sögu lína  
vekur þann, er vísun **ann**,  
um Viðris svanna ísklæddan.

(*Brávallarímur* VI.9; Björn K. Þórólfsson 1965:45)

- (13) Svo að heim í hýbýlin  
hinna svinnu vina  
hörpu seimur heyrir **minn**;  
hamrar eiminn lengi **sinn**.

(*Núma rímur* XVIII.7; Sigurður Breiðfjörð 1937:228)

Hér ríma atkvæði sem venjulega myndu vera áherslulaus við áhersluatkvæði með löngu [n:] og stuttu sérhljóði. Þetta var í ágætu samræmi við stafsetningu þeirrar tíðar þar sem „n“ var gjarnan tvíritað í áherslulausum beygingarendingum.

Á 19. og 20. öld taka Íslendingar upp á þeim sið að gera greinarmun í stafsetningu á áherslulausu „n“ og „nn“ í beygingarendingum á hátt sem var fyrir löngu horfinn úr málinu en fyrirfannst í fornmáli.<sup>4</sup> Ef kveðskapurinn væri óháður stafsetningunni mundi þetta auðvitað ekki skipta neinu máli fyrir rím skáldanna. En reyndin er önnur. Þegar rím skólagenginna höfuðskálda frá 20. öld eru skoðuð sést að þau forðast markvisst rím eins og *ann – isklæddan* eða *minn – hýbýlin* þar sem nútímastafsetning gefur í skyn að áherslulausa atkvæðið ætti ekki að fá langt [n:] ef það lengdist í kveðskap. Í kvæðasafni Davíðs Stefánssonar (1943) eru 17 dæmi þar sem áhersluatkvæði með [n:] er rímað við atkvæði sem venjulega væri áherslulaust. Og það er alltaf í samræmi við stafsetninguna, eins og sýnt er í (14) (Davíð Stefánsson 1943, 1–3).

- (14)a. minn – ylurinn (1:17)  
b. himininn – inn (1:22)  
c. kinn – líkaminn – minn (1:30)  
d. pallstokkinn – minn (1:30)  
e. minn – himininn (1:44)  
f. himininn – sinn (1:47)  
g. líkamann – hann (1:63)  
h. mann – sannleikann (1:77)  
i. minn – himinninn (1:78)  
j. finn – byrðinginn (1:105)  
k. spegilinn – sinn (1:113)  
l. sinn – líkaminn (1:114)

<sup>4</sup> Breytingar í stafsetningu *n* og *nn* eru greinilegar þegar á 14. öld eins og til dæmis má sjá af Flateyjarbók, GKS 1005 fol. frá um 1387–1395. Sums staðar á landinu hefur aðgreining í endingum lifað talsvert lengi en hvergi nákvæmlega eins og í fornmáli (Jón Helgason 1970b).

- m. sinn – jökulinn (1:127)
- n. sinn – himininn (1:134)
- o. unnustann – brann (1:135)
- p. rann – skaparann (2:38)
- q. þann – sannleikann (2:69)
- r. ann – fann – bann – vann – sannleikann (3:126)

Nú hafa orðmyndir eins og *unnustann* og *byrðinginn* ekki haft annan framburð í daglegu tali Davíðs Stefánssonar en orðmyndir eins og *unnustan* og *virðingin*. Sá greinarmunur sem fram kemur í skáldskap hans er til-lærður og byggður á stafsetningunni.

Ritrýnir vekur máls á rími eins og þessu:

- (15) Hún vafði mig örmum  
vordaginn langan  
og kyssti mig hlæjandi  
á kafrjóðan vangann (Davíð Stefánsson 1943, 1:20)

Hér stendur saman *langan* – *vangann* enda ríma þau orð fullkomlega saman í eðlilegum framburði. Seinni atkvæðin eru áherslulaus og fá ekki þá aukaáherslu sem eðlileg er þriðja atkvæði þríkvæðs orðs í kveðskap sem samanstendur af hnígandi tvíliðum. Þarna er því ekkert tilefni fyrir skáldin til að láta stafsetninguna leiðsega sér um það hvernig kveða skuli að áherslulausu atkvæði sem fær upphafna áherslu í kveðskap. Í þessari grein fjalla ég aðeins um tilfelli þar sem hefðbundin áhersluatkvæði ríma við atkvæði sem í daglegu tali eru áherslulaus.

Eins og Davíð Stefánsson rímar Tómas Guðmundsson (1992):

- (16)a. himinninn – sinn (1992:65)  
b. vegurinn – þinn (1992:66)  
c. minn – frelsarinn (1992:152)  
d. sinn – víxillinn (1992:267)  
e. forsetann – hann – utanflokkamann (1992:443)

Og sama má sjá hjá Sveinbirni Beinteinssyni (1945):

- (17)a. hann – snjótímann – vann – fann (1945:16)  
b. sinn – drengurinn (1945:41)  
c. galdrakinn – svipurinn – sinn – hugarstinn (1945:85)

Það er engin tilviljun að hér er alltaf rímað í samræmi við stafsetninguna og sést það vel þegar borið er saman við eldri rímur. Í *töflu 1* eru sýnd

dæmi úr *Olgeirs rínum danska* eftir Guðmund Bergþórsson (1657–1705) þar sem rótaratkvæði myndar karlím við beygingarendingu sem endar á *n* (Björn K. Þórolfsson og Finnur Sigmundsson 1947). Ég hef feitletrað þau dæmi sem eru í ósamræmi við nútímastafsetningu.

hann – keisarann (6)	rann – skipherrann (474)
<b>saklausan – mann</b> (27)	skipherrann – hann (475)
þann – kann – vann – heiðingjann (59)	<b>sinn – mótföllin</b> (478)
þann – vann – hann – keisarann (63)	<b>náttúran – kann</b> (479)
minn – bardaginn – stinn – þinn (64)	<b>meiningin – inn</b> (485)
<b>ólukkan – þann</b> (80)	fann – sendimann – þann – léttfetann (508)
minn – hégóminn (99)	<b>minn – inn – hinn – málsrökin</b> (509)
hinn – höfðinginn (155)	mann – vann – lausnarann (546)
keisarann – hann (177)	<b>rann – keisarann – fann – steiktan</b> (561)
mann – höfðingjann (191)	þann – riddarann – vann – hann (562)
minn – trúskapinn (229)	<b>skálkheitin – hvinn – þinn – sinn</b> (562)
rann – bardagann (232)	sorgbitinn – minn – sinn – vinn (563)
hinn – skilninginn (266)	hann – þann – kann – bardagann (564)
mann – keisarann (268)	kann – riddarann – hreystimann – fann (564)
stinn – velkominn (268)	<b>þann – afklæddan – hann – kann</b> (571)
þann – keisarann (268)	hann – kærleikann (575)
<b>herklæðin – stinn</b> (273)	<b>inn – landtjöldin</b> (586)
sinn – vinninginn (274)	skilmálann – kann (604)
höfðingjann – frægðarmann (290)	nauðberinn – minn (659)
<b>hann – ágætan</b> (292)	skipsherrann – þann (661)
rann – höfðingjann (302)	rann – keisarann (665)
<b>rann – daglegan</b> (311)	sinn – grunnhygginn (673)
rann – keisarann (314)	<b>enn – vandræðen</b> (674)
hann – vann – fann – keisarann (342)	<b>sann – heilbrigðan</b> (678)
inn – útganginn (360)	sinn – tildráttinn (679)
karfann – fann (382)	hann – vaktarann (699)
<b>hann – fangaðan</b> (388)	<b>minn – heilræðin</b> (716)
<b>vopnaðan – kann – vann – hann</b> (430)	kann – mann – skilmálann (740)
ábótinn – sinn (451)	<b>rann – stundlegan</b> (745)
minn – sinn – grunnunginn (453)	ábótann – hann (754)

*Tafla 1.* Dæmi um rím í *Olgeirs rínum danska* eftir Guðmund Bergþórsson (1657–1705) í útg. Björns K. Þórolfssonar og Finns Sigmundssonar (1947). Hér eru þau dæmi feitletruð sem eru í ósamræmi við nútímastafsetningu.



*Olgeirs rímur* eru varðveittar í eiginhandarriti skáldsins, ÍB 190 4to. Sést þar að skáldið ritar venjulega tvöfalt „n“ í beygingarendingum í lok orða. Til dæmis um stafsetningu skáldsins er í (18) ein vísa í stafréttri uppskrift.

- (18) Stiller hann með stirkleik sinn,  
storma ønn og reidar brunn  
þo rate mann þar motföllinn  
mæðann sønn er drottne kunn. (ÍB 190 4to, 41. ríma, 8. vísa)

Í (19) eru dæmi um rím í *Brávallarímum* eftir Árna Böðvarsson (1713–1776) (Björn K. Þórolfsson 1965).

- (19)a. kann – formálann (1965:10)  
b. flugdrekin – sinn (1965:13)  
c. inn – brjóstsviðinn (1965:16)  
d. **kann** – langhendan (1965:18)  
e. **senn** – tíðinden (1965:36)  
f. **vann** – snædrífan (1965:43)  
g. **kann** – ann – ísklæddan (1965:45)  
h. **vinn** – kinn – farsældin (1965:51)  
i. **mann** – bláan (1965:66)  
j. **bæsingenn** – menn (1965:67)

*Brávallarímur* eru varðveittar í eiginhandarritum skáldsins, sjö talsins. Árni skrifar reglulega „nn“ í áherslulausum atkvæðum í lok orða. Til dæmis um stafsetningu Árna er í (20) ein vísa.

- (20) Ädur hann sä meste mann  
marga vann ad leida  
ï heliu rann med hiór bläann  
hvória fann ried meida. (JS 71 4to, 70v; 8. ríma, 52. vísa)

Í (21) eru dæmi úr *Núma rímum* eftir Sigurð Breiðfjörð (1798–1846) (Sigurður Breiðfjörð 1937).

- (21)a. velborinn – minn (1937:9)  
b. minn – lesarinn (1937:40)  
c. hinn – kóngurinn (1937:48)  
d. **kann** – náttúran (1937:52)  
e. **finn** – skjaldmeyin (1937:58)  
f. **sæmdarmann** – fávizkan (1937:61)  
g. **héröðen** – menn (1937:65)

- h. kóngborinn – þinn (1937:76)
- i. **sendimann** – **sekaðan** (1937:83)
- j. höfðinginn – hinn (1937:92)
- k. híðbjörninn – sinn (1937:122)
- l. **sofnaðan** – **hann** (1937:152)
- m. **hinn** – **frásögnin** (1937:153)
- n. **hann** – **leiðréttan** (1937:219)
- o. hann – dómarrann (1937:219)
- p. minn – kóngurinn (1937:221)
- q. **voldugan** – **þann** – **ann** (1937:227)
- r. **hýbýlin** – **minn** – **sinn** (1937:228)
- s. **brann** – **rann** – **þvílíkan** (1937:231)
- t. vann – þann – bardagann (1937:236)
- u. **fylkingin** – **sinn** (1937:239)
- v. hugurinn – minn (1937:255)

Sigurður ritar oft, en ekki alltaf, tvöfalt „nn“ í áherslulausum atkvæðum í lok orða. Til dæmis er í (22) ein vísa úr eiginhandarriti hans að rímunum.

- (22) Romul þar má þekia snialla  
 þegnar fara um Herödenn  
 hofud bar og herdar allar  
 Hilmi snar yfir adra menn.

(ÍB 304 4to, bls. 48)

Niðurstöður þessara athugana eru teknar saman í *töflu 2*.

Skáld	Rím alls	Í ósamræmi við nútímastafsetningu
Guðmundur Bergþórsson (1657–1705)	60	19
Árni Böðvarsson (1713–1776)	10	7
Sigurður Breiðfjörð (1798–1846)	22	12
Davíð Stefánsson (1895–1964)	17	0
Tómas Guðmundsson (1901–1983)	5	0
Sveinbjörn Beinteinsson (1924–1993)	3	0

*Tafla 2.* Samantekt um rím hjá nokkrum skáldum.

Sérstaklega athyglisvert er að skoða *Disneyrímur* Þórarins Eldjárns. Eins og hjá hinum skáldunum gerist það stundum að áherslulaust lokaatkvæði er dubbað upp í að ríma við áhersluatkvæði með löngu [n:] og þá er það

alltaf í samræmi við lögboðna stafsetningu, eins og sýnt er með dæmunum í (23) (Þórarinn Eldjárn 1978).

- (23) a. sinn – iðnaðinn (1978:17)
- b. sinn – eigandinn (1978:37)
- c. sinn – heiðurinn (1978:55)
- d. minn – markaðinn (1978:64)
- e. aðalinnganginn – minn (1978:66)

Hitt er hins vegar sjaldgæfara og meira nýmæli að Þórarinn rímar stundum áherslulaus atkvæði af þessu tagi við áhersluatkvæði með stuttu [n], en þar er einnig í samræmi við stafsetninguna, eins og sýnt er í (24).

- (24) a. skyn – nýjungin (1978:45)
- b. stóriðjan – van (1978:56)

Nú er enginn greinarmunur í talaðri íslensku á lengd hljóðanna í þriðja atkvæði orðmyndanna *iðnaðinn* og *nýjungin* og hefur ekki verið öldum saman. Meðan stafsetningin hafði orð af þessu tagi oftast með tveimur „n“-um voru þau rímuð í samræmi við það. Og þegar stafsetningunni var breytt til að líkja eftir máli 13. aldar breytti það líka kveðskapnum hjá skólagengnum skáldum.

Ekki er síður athyglisvert að líta á rím þar sem áherslulausa sérhljóðið er [i]. Á fyrri öldum var venjan sú að ríma þetta hljóð hvort heldur sem er við [i] eða [ε]. Bjarki Karlsson hefur rannsakað þetta fyrirbæri og flutt um það erindi (2014). Hann hefur góðfúslega leyft mér að vísa í glærur sínar. Við höfum þegar séð dæmi um rím við [ε] hjá gömlu skáldunum þremur að ofan:

- (25) a. enn – vandræðen Guðmundur Bergþórsson  
(Björn K. Þórólfsson og Finnur Sigmundsson 1947:674)
- b. senn – tíðinden Árni Böðvarsson  
(Björn K. Þórólfsson 1965:36)
- c. héröðen – menn Sigurður Breiðfjörð (1937:65)

Sömu skáld gátu jöfnum höndum rímað við [i], eins og sýnt er með dæmum í (26).

- (26) a. herklæðin – stinn Guðmundur Bergþórsson  
(Björn K. Þórólfsson og Finnur Sigmundsson 1947:273)
- b. vinn – kinn – farsældin Árni Böðvarsson  
(Björn K. Þórólfsson 1965:51)
- c. hinn – frásögnin Sigurður Breiðfjörð (1937:153)

Hvernig skýrum við þetta? Fyrst gæti manni dottið í hug að á fyrri tíð hafi áherslulausa sérhljóðið ekki verið greinilegt [ɪ] eins og nú er heldur hljóð á milli [ɪ] og [ɛ] sem við getum táknað [e]. Þegar áherslulausa atkvæðið er dubbað upp í áhersluatkvæði er þá jafnrétt að gera úr því [ɪ] og [ɛ] og skáldin geta nýtt sér þetta tvísæi. Það er nokkur veikleiki á þessari skýringu að við myndum þá búast við að hið sama gildi um kringda áherslulausa hljóðið. Vegna samhverfu í sérhljóðakerfinu myndum við búast við að það hefði þá ekki verið [ɣ] heldur [ø] og rímað jafngreiðlega við [œ] og [ɣ]. En ég þekki engin dæmi um rím á borð við *\*lífsfögnuð – blöð*. Þetta eru þó veikustu rökin enda er ekki hægt að ábyrgjast að þróun sérhljóðakerfisins sé alltaf í samræmi við formgerðarleg rök af þessu tagi.

Verri galli á þessari skýringu er að við höfum beina heimild um framburðinn í málýsingu Jóns Magnússonar (1662–1738) en hann segir (Jón Magnússon 1997:5; þýðing Jóns Axels Harðarsonar):

e í enda orðs og beygingarendingum á undan viðskeyttum greini nafnorða er borð fram sem grannt i<sup>5</sup>

Samkvæmt rannsóknnum Bjarka Karlssonar (2014) stóð *e*-rím af þessu tagi einmitt með mestum blóma meðan Jón Magnússon var á dögum. Frá sjónarmiði Jóns hefur þetta rím greinilega ekki verið í samræmi við eðlilegan framburð.

Nú mætti geta þess til að Jón hafi lýst sínum framburði réttilega en að til hafi verið önnur málýska þar sem framburðurinn var [ɛ] og að þar með sé tvískinnungurinn skýrður. Bjarki Karlsson (2014) hefur sýnt fram á að þessi skýring stenst ekki. Það er enginn landfræðilegur mismunur í gögnunum eins og vænta mætti ef um málýskumun væri að ræða. Sömu skáldin grípa einatt til beggja möguleika eins og gögnin að ofan sýna.

Eftir stendur sú skýring að að rímið við [ɛ] hafi verið hefð sem studdist við stafsetningu. Rímið var í samræmi við stafsetningu þeirra alda sem það tíðkaðist á en þá var áherslulausa sérhljóðið sem um ræðir ýmist ritað „i“ eða „e“. Stafsetningin með „e“ var rökrétt í upphafi ritaldar (Hreinn Benediktsson 2002:53, 56–57) en lífði sem hefð fram eftir öldum og kann að hafa stuðst við erlend áhrif. Rímið við [ɛ] hverfur síðan úr sögunni eftir því sem samræmdri nútímastafsetningu vex ásmegin. Þessi skýringarkostur er í samræmi við öll gögnin og gegn honum þekki ég engin mót-rök. Það er líka greinilegt í eiginhandarritum Guðmundar Bergþórssonar,

<sup>5</sup> Á frummálinu: „e in fine vocis et flexionibus finalibus crementi Nominum pronunciat ut i tenue“ (Jón Magnússon 1997:4).

Árna Böðvarssonar og Sigurðar Breiðfjörð að þeir gera sér far um að láta stafsetningu og rím fara saman. Guðmundur og Árni rita venjulega „e“ en hins vegar gjarnan „i“ þegar þeir ríma við [i]. Hjá Sigurði er það á hinn veginn. Hann ritar venjulega „i“ en grípur til „e“ þegar hann rímar við [e].

Nú má taka saman athuganirnar í þessum kafla. Í íslenskum kveðskap var lengi hefð fyrir því að taka atkvæði sem í eðlilegu máli eru áherslulaus og gera úr þeim áhersluatkvæði sem nota má í rími. Þar er sá vandi fyrir hendi að áherslulaus atkvæði hafa stutt sérhljóð og stutt samhljóð en þannig eru áhersluatkvæði ekki. Því er nauðsynlegt að lengja annað hvort hljóðið ef atkvæðið á að gagnast í rími. Stafsetningin er þá notuð sem leiðarstjarna og á þátt í að móta hefðir um rím. Þegar ný stafsetning vinnur fullnaðarsigur á 20. öld ríma skáldin í samræmi við hana og má þá sjá greinilegan mun á rími þeirrar aldar og hinna fyrri, án þess að nein líkindi séu til að framburðurinn hafi breyst. Þetta sýnir þátt hefðar og stafsetningar í bragvitund skáldanna.

## 7. Íslensk skáldskaparhefð

Gegn málflutningi mínum um hefðir í skáldskap tefla ritrýnar tvennum rökum sem ég leyfi mér að umorða og auka svolítið við:

**Mótrök A:** Hér eru sett fram dæmi um áhrif hefða og stafsetningar í rími. Vera kann að eitthvað sé til í þessum dæmum. En er nokkur ástæða til að ætla að stuðlasetning sé undir sömu sök seld? Eru þetta ekki ólík fyrirbæri? Stuðlasetning hefur löngum þótt meira grundvallaratriði í íslenskum kveðskap og á lengri hefð að baki — raunar hefð sem nær langt aftur fyrir ritöld. Það sýnir vel að hún hefur enga þörf á að styðjast við stafsetningu.

**Mótrök B:** Höfundur er á algjörum villigötum þegar hann rannsakar skáldskap út frá ritmáli. Skáldskapur er fyrst og fremst munnleg list og var það enn heldur fyrr á öldum. Fólk flutti kveðskap af munnni fram og neytendur kveðskapar hlustuðu á hann fluttan fremur en að lesa hann ritaðan. Hæfileikinn til að yrkja þroskast með því að hlusta á kveðskap og þarf ekki formlega tilsögn til. Hugsanlegt er að langskólagengnir nútímamenn eins og Þórarinn Eldjárn geti tekið upp á ýmsu en það segir ekkert um brageyra og almenna bragtilfinningu. Reglur bragarins verða að byggjast á málinu sjálfu og hljóta þar með að vera náttúrulegar en ekki tilfallandi eða gerræðislegar venjur.

Mér er ljúft að svara þessum mótbárum. Í fyrsta lagi tek ég undir að stuðlasetning og rím eru ekki jafngild fyrirbæri en hyggjum að því hver munurinn er. Rím felur í sér samsvörun bæði sérhljóðs og samhljóða en í

stuðlasetningu felst samsvörunin aðeins í samhljóðum.<sup>6</sup> Þess er þá að vænta að rímið sé meira áberandi en stuðlunin. Það var sannarlega mín upplifun í æsku.

Í bernsku hafði ég mikinn áhuga á kveðskap og þótti mér mest varið í að læra kvæði og geta farið með þau utanbókar. Eitthvað reyndi ég sjálfur að koma saman vísu. Af þessu hafði amma mín gaman og skrifaði upp í bók. Svo lærði ég sjálfur að skrifa og hélt þá áfram með bókina. Af handriti þessu má sjá hvernig ég hef smám saman náð tökum á alrími og reglu- legri hrynjandi og hygg ég að þetta hafi mér lærst án sérstakrar tilsagnar. En þarna má einnig sjá að tíu ára gamall hafði ég enga tilfinningu fyrir stuðlasetningu og notaði hana ekki í hinum bágbornu tilraunum mínum til að yrkja. Ég tók einfaldlega aldrei eftir að íslenskur kveðskapur væri stuðlaður og það þótt ég gæti sungið og þulið töluvert af honum. Stuðla- setningu mun ég hafa lært einhvern tíma í kringum tólf, þrettán eða fjórt- án ára aldur og þá eftir beinum leiðbeiningum en ekki eftir þroska nátt- úrulegrar tilfinningar.

Ég held ekki að ég hafi sem barn haft verra „eyra“ fyrir kveðskap en annað fólk. Stundum hef ég spurt þá sem fást við hefðbundinn kveðskap hvernig þeir hafi lært stuðlasetningu og hafa svörin verið nokkuð misjöfn. Eitt verðlaunað skáld sagði svipaða sögu og ég — að hafa aldrei tekið eftir stuðlasetningu í bernsku þrátt fyrir mikinn áhuga á kveðskap. Einn dag- inn heyrði svo hið upprennandi skáld útvarpserindi þar sem stuðlasetning kom við sögu og kom af fjöllum — taldi jafnvel að maðurinn í útvarpinu væri ekki með öllum mjalla. Sumir hafa sagt mér að þeir hafi fengið beina tilsögn í stuðlasetningu sem börn. Aðrir muna ekki betur en að þeir hafi lært stuðlasetningu án tilsagnar. Einn maður sagði að hann hefði ekki endilega fengið beina kennslu en hins vegar verið leiðréttur þegar vísurnar voru rangar og að það hafi dugað til. Þykir mér líklegt að svo hafi verið um fleiri.

Ég vil sem sagt halda því fram að hefðbundinn íslenskur kveðskapur þar sem saman fara rím og stuðlasetning sé ekki auðlærð eða endilega mjög eðlileg hefð. Það sem búast mætti við er ekki að rím og stuðlar renni í eina sæng heldur fremur að rímið drekki stuðluninni. Það hefur líka gerst hjá öðrum germönskum þjóðum.

Elstu heimildir um hefðbundinn kveðskap á íslenska vísu þar sem saman fara ljóðstafir og rím eru dróttkvæði sem höfð voru um hönd við

<sup>6</sup> Stundum er samhljóðinn enginn, bæði í rími (*strá* og *blá* rímar) og í stuðlun (*allt* og *ungur* stuðlar).

hirðir konunga á Norðurlöndum. Sá kveðskapur er allt annað en alþýðlegur og hefur greinilega þurft mikla þekkingu til að kunna að meta slík verk — hvað þá að yrkja þau. Eftir að hirðskáldunum sleppir eru þau miðaldaskáld íslensk sem við kunnum að nefna og eitthvað verulegt er varðveitt eftir fyrst og fremst munkar, prestar, fræðimenn og veraldlegir höfðingjar. Fyrsta rímnaskáldið sem við kunnum að nefna er Einar Gilsson (uppi um miðja 14. öld) en hann var lögmaður.

Eftir siðaskipti eru skáldin úr fleiri stéttum þótt prestar og embættismenn séu jafnan fyrirferðarmiklir. En jafnvel skáld af lágum stigum voru í langflestum tilfellum læs og skrifandi. Það er ekki ofsagt að allur meginþorri þess sem varðveitt er af íslenskum kveðskap frá upphafi ritaldar sé eftir skrifandi menn og raunar eru heimildir um að læsi hafi verið nokkuð útbreitt á Íslandi. Í þremur heimildum frá 16. öld þykir erlendum mönnum það í frásögur færandi hversu margir Íslendingar geti lesið (Guðvarður Már Gunnlaugsson 2010:155–156).

Íslenskur kveðskapur hefur um langan aldur verið þroskuð og býsna lærd hefð og ekki síður list bókarinnar en eyrans. Það er ekki óvænt að í honum gildi venjur um rím og stuðlun sem eiga sér ekki málfræðilegar skýringar frá samtímalega sjónarhorni. Höskuldur (2014:98) segir:

Haukur (2013a:30) vísar til dæmis í forna kinverska kveðskaparhefð sem er greinilega ekki lifandi í sama skilningi og stuðlasetning og rím í hefðbundnum íslenskum kveðskap og menn þurfa þess vegna að læra af bókum eða í formlegu námi af einhverju tagi.

Ég held að munurinn sé minni en Höskuldur vill vera láta. Minna má á að þegar á 13. öld þótti Snorra Sturlusyni ástæða til að útskýra rím og stuðlasetningu í rituðu máli, þar með talið grundvallaratriði eins og að tveir höfuðstafir séu á móti einum stuðli, að ofstuðlun sé bönnuð og að ólík sérhljóð stuðli saman (Finnur Jónsson 1931:214). Það er engan veginn sjálfgefið að íslensk stuðlasetning lærist ef hún er ekki kennd.

## 8. Samantekt

Hér hef ég talað fyrir því að vænlegt sé að skýra eiginleika bundins máls með yfirborðslegum samsvörunum, hefðarreglum og stafsetningarvenjum. Mig grunar að mörgum málfræðingum þyki ég bera hér á borð heldur rýran kost — að þetta séu jafnvel lítilfjörlegar eða óáhugaverðar skýringar.

Höskuldur gerir því skóna að „hjarta Hauks slái fyrst og fremst bragfræðimegin“ (2014:95) en ef til vill mætti líka spyrja hvort hjarta Höskulds

sé ekki býsna hallt undir málfræðina. Og það á ekki bara við um Höskuld. Það er við því að búast að málfræðingar hafi meiri áhuga á snjölum málfræðilegum skýringum en skýringum af öðru tagi – svo sem að eitthvað „viðhaldist fyrir hefð“ eða „styðjist við stafsetningu“. En til eru mörg dæmi um mátt hefðarinnar, í íslensku og öðrum málum. Þar er því vænlegur skýringarkostur sem ekki er hægt að vísa á bug nema með skýrum rökum.

## HEIMILDIR

- Bjarki Karlsson. 2014. *Agg og forsmán í helvite. Um rim í í endingum við e í stofni*. Glærur úr erindi fluttu á málþingi Óðfræðifélagsins Boðnar 16. maí 2014.
- Björn K. Þórólfsson (útg.). 1965. *Brávallarímur eftir Árna Böðvarsson*. Rit Rímnafélagsins 8. Rímnafélagið, Reykjavík.
- Björn K. Þórólfsson og Finnur Sigmundsson (útg.). 1947. *Olgeirs rímur danska eftir Guðmund Bergþórsson*. Landsbókasafn Íslands og Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Davíð Stefánsson. 1943. *Kvæðasafn* 1–3. Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri.
- Finnur Jónsson (útg.). 1931. *Edda Snorra Sturlusonar*. Gyldendal, Kaupmannahöfn.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. 2010. Reading and Writing in Medieval Iceland. P.R. Robinson (ritstj.): *Teaching Writing, Learning to Write. Proceedings of the XVIth Colloquium of the Comité International de Paléographie Latine*, bls. 155–162. King's College London, London.
- Hanson, Kristina. 2002. Vowel variation in English rhyme. Donka Minkova og Robert Stockwell (ritstj.): *Studies in the History of the English Language. A Millennial Perspective*, bls. 207–229. Mouton de Gruyter, Berlín og New York.
- Haraldur Bernharðsson. 2002. Skrifandi bændur og íslensk málsaga. Vangaveltur um málþróun og málheimildir. *Gripla* 13:175–197.
- Haukur Þorgeirsson. 2013. *Hljóðkerfi og bragkerfi. Stoðhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarferni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á Rímum af Ormari Fraðmarssyni*. Doktorsritgerð. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson. 2002. [1959]. The vowel system of Icelandic. A survey of its history. Guðrún Þórhallsdóttir, Höskuldur Þráinsson, Jón G. Friðjónsson og Kjartan Ottosson (ritstj.): *Linguistic studies, historical and comparative by Hreinn Benediktsson*, bls. 50–73. Reykjavík, Málvísindastofnun. [Birtist fyrst í *Word* 15 (1959):282–312.]
- Höskuldur Þráinsson. 1981. Stuðlar, höfuðstafir, hljóðkerfi. Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson og Svavar Sigmundsson (ritstj.): *Afmæliskveðja til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981*, bls. 110–123. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2008. Um hvað snýst málið? Um málfræði Chomskys, málkunnáttu og tilbrigði. *Ritið* 8.3:9–34.
- Höskuldur Þráinsson. 2011. Um dauðans óvissan tíma. *u*-hljóðvarp lífs og liðið. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 33:85–107.
- Höskuldur Þráinsson. 2013. Málfræðibylting Chomskys. Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton (ritstj.): *Chomsky. Mál, sál og samfélag*, bls. 47–69. Hugvísindastofnun og Háskólaútgáfan, Reykjavík



- Höskuldur Þráinsson. 2014. Stuðlar, hefðarreglur, hljóðkerfi. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 36:95–120.
- Jón Helgason. 1970a. Þriðji íhaldskarl. *Fróðskaparrit* 18:206–226.
- Jón Helgason. 1970b. Om islandsk n og nn i trykssvag udlyd. *Opuscula* 4:356–360.
- Jón Magnússon. 1997. *Grammatica Islandica. Íslensk málfræði*. Jón Axel Harðarson gaf út með inngangi, þýðingu og athugasemdum. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Krämer, Martin. 2012. *Underlying Representations*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Kristján Árnason. 1983. Áhersla og hrynjandi í íslenskum orðum. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 5:53–80.
- Kristján Árnason. 1987. Um hendingar í dróttkvæðum hætti. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 9:41–69.
- Kristján Árnason. 2011. *The Phonology of Icelandic and Faroese*. Oxford University Press, Oxford.
- Kristján Árnason. 2013. *Stíll og bragur. Um form og formgerðir íslenskra texta*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Kökeritz, Helge. 1966. *Shakespeare's Pronunciation*. Yale University Press, New Haven og London. [Fyrst prentað 1953.]
- Manaster-Ramer, Alexis. 1981. *How abstruse is phonology?* Doktorsritgerð við University of Chicago.
- Manaster-Ramer, Alexis. 1994. Stefan George and phonological theory. *Phonology* 11:317–323.
- McCarthy, John J. 2007. Derivations and levels of representation. Paul de Lacy (ritstj.): *The Cambridge Handbook of Phonology*, bls. 99–117. Cambridge University Press, Cambridge.
- Magnús Snædal. 1986. Færeyska sérhljóðakerfið. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 8:121–168.
- Odden, David. 2013. *Introducing Phonology*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2010. *Tólf alda tryggð. Athugun á þróun stuðlasetningar frá elsta þekktum norrænum kveðskap fram til nútímans*. Doktorsritgerð. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2013. *Íslensk bragfræði*. Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Sigurður Breiðfjörð. 1937. *Núma rímur*. Snæbjörn Jónsson, Reykjavík.
- Sveinbjörn Beinteinsson. 1945. *Gömlu lögin. Nokkrir rímnaflokkar*. Leiftur, Reykjavík.
- Sveinbjörn Beinteinsson. 1985. *Bragfræði og Háttatal*. Hörpuútgáfan, Akranesi.
- Tómas Guðmundsson. 1992. *Ljóð Tómasar Guðmundssonar*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Wrenn, C.L. 1943. The value of spelling as evidence. *Transactions of the Philological Society* 42:14–39.
- Þórarinn Eldjárn. 1978. *Disneyrímur*. Iðunn, Reykjavík.

## SUMMARY

## ‘Poetry, phonology and poetic traditions’

**Keywords:** alliteration, phonemes, underlying representations, poetic traditions

Icelandic linguists have long debated the relationship between poetry and phonology. This article responds to recent contributions to that discussion by Höskuldur Þráinsson (2014) and Haukur Þorgeirsson (2013). Sections 2–3 discuss the putative role of underlying representations in poetry. A proposed universal by Alexis Manaster-Ramer (1981, 1994) holds that rules of versification may not be sensitive to representations deeper than phonemic. This principle is tested here on Faroese poetry and found to hold.

Alliteration between words starting with orthographic *h* is discussed in section 4. Höskuldur Þráinsson has argued that this alliteration is phonologically natural but since he does not argue this based on underlying representations, as traditionally conceived, it is not clear that the Manaster-Ramer universal is relevant – rendering the discussion in Haukur Þorgeirsson 2013 irrelevant to Höskuldur’s argument. Höskuldur argues that Icelandic children can perceive initial [ç] as /hj/ based on an innate aversion to voiceless sonorants. This is an interesting theory that needs to be elaborated on for it to be testable. What conditions need to hold for [ç] to be perceived as /hj/? Do speakers of (certain dialects of) Norwegian and German also perceive word-initial [ç] as /hj/ or does Icelandic have some further necessary properties to enable this perception?

Section 5 draws a distinction between two types of poetic traditions; lumping and splitting traditions. In a lumping tradition, some distinction upheld in the language itself is ignored for the purposes of poetry. It is proposed that this type of tradition is natural and occurs relatively frequently; examples from early Icelandic poetry would include the full rhyme of *a* and *o* and alliteration between vowels and *j*. In a splitting tradition, a poet upholds some distinction in his poetry which is not present in his or her normal speech. Icelandic poets who make a distinction between words with initial *hv* and initial *kv* in alliteration but not in their everyday speech uphold a splitting tradition. This type of tradition is artificial and difficult and requires knowledge of an archaizing orthography or other learned materials. It is proposed that splitting traditions are rarer than lumping traditions.

Section 6 shows two examples of the role of orthography in poetry. In the poetry of the 16th to 19th centuries, poets used the final inflectional [i] to rhyme interchangeably with stressed [i] or [ε]. This was in accordance with the spelling of the time, where final [i] was written either as “i” or as “e”. But according to the *Grammatica Islandica* of Jón Magnússon (1662–1738), the spelling with “e” was merely conventional and not in accordance with the pronunciation, which seems to have been the same as today. The second example is the loyalty that 20th century poets show to the standardized orthography in rhyming unstressed syllables ending in *n*. Þórarinn Eldjárn carefully rhymes *nyjungin* with *skyn* and *iðnaðinn* with *sinn* even though the spoken language has had no distinction between the ending of *nyjungin* and *iðnaðinn* for centuries.

Section 7 presents two counter-arguments from reviewers of this article. One is that alliteration is different from rhyme and even if rhyme can be shown to have a traditional component this might not hold for alliteration. I argue that we would expect the weight of tradition to be even more heavy in alliteration since Icelanders seem to learn rhyme effec-

tively from simply listening to poetry but largely seem to need explicit instructions to learn traditional alliteration. The second counter-argument is that Icelandic poetry is an oral art and in earlier ages most consumers of poetry would not have been literate – leaving little room for spelling to be relevant. I argue that traditional Icelandic poetry with structural alliteration and rhyme is a highly sophisticated learned tradition and that the overwhelming majority of major poets from the 12th century on have been literate.

Section 8 suggests that linguists are attracted to linguistic explanations of poetic phenomena and find extra-linguistic explanations such as traditions or orthography less interesting. Nevertheless, poetry is demonstrably a tradition-based endeavour and this must be kept in mind in any analysis of poetic phenomena.

*Haukur Þorgeirsson*

*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*

*Árnagarði við Suðurgötu*

*IS-101 Reykjavík*

*ICELAND*

*haukur.thorgeirsson@arnastofnun.is*